

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMER:

DAGS.:

NR.:

19311

2019-11-14

Ósk um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, gerð deiliskipulags og úthlutun lóðar.

Undirritaður fyrir hönd Halldóru Þórðardóttur og Sævars Óla Hjörvarssonar, óskar eftir heimild til að breyta aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 á 2700 m² svæði milli Seljalandsvegur 78 og 84. Landnotkun á svæðinu er *opið svæði til sérstakra nota*. Eftir breytingu verður landnotkun *svæði fyrir íbúðarbyggð*. Gert er ráð fyrir einbýlishúsi á tveimur hæðum þar sem neðri hæðin er að hluta til niðurgráfin. Gert er ráð fyrir aðkomu að svæðinu verði frá hliðargötu að Vinamynni.

Ástæða breytingar er vilji til uppbyggingar á svæðinu, skortur á hentugu byggingarlandi í nánd við miðbæ Ísafjarðar og aukinni eftirspurn fyrir einbýlishúsi með þessari staðsetningu. Í framhaldi af aðalskipulagsbreytingu verði unnið deiliskipulag. Uppbygging á svæðinu mun stuðla að þéttingu byggðar.

Svæðið er á hættusvæði B. Endurskoðun hættumatsins stendur nú yfir. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands er reiknað með að svæðið verði innan hættusvæðis A eftir endurskoðun. Að svæðinu liggja íbúðarbyggð í 4 Efríbær, iðnaðarsvæði í 38 og opið svæði til sérstakra nota með varnarmannvirkjum.



Mynd 1 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020



Mynd 2 Loftmynd af svæðinu

Virðinga fyllst, f.h. Verkís hf.

Nafn